

gætur að því, að gjöra má jörð þessa byggilega, þó hún hafi verið í eyði seinustu árin, og byggja hana landseta, í stað þess að búendunum á Reykjarfirði þá var leyft að nota hana, voruð þér beðnir um að skipa umboðsmanni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf væri á í þessu efni.

Dómsmálastjórnin hefir nú samt fengið vísbending frá reikningastjórnardeild konungsríkisins um, að ekki hafi allt til þessa verið tilfærðar neinar tekjur af jörðinni Kirkjubóli í reikningum umboðsmanns þess, sem hlut á að, og skorum vèr því á yður, herra amtmaður, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar, því, er áður var um getið, að koma fram með uppástungu um, hvernig nota megi jörð þessa.

1865.

8. maí.

31. Leyfisbréf handa lyfsölumanni Pètri H. J. Hansen, til að hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austur-umdæminu á Íslandi.

8. maí.

- Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Að Vèr eptir þegnlegri bænarskrá og ósk Péturs Hinriks Jóhanns Hansens, lyfsölumanns, höfum allramildilegast heimilað honum og leyft, einsog Vèr hërmeð heimilum honum og leyfum, að hann megi hafa lyfjabúð á Akureyri í norður- og austur-umdæminu á Voru landi Íslandi. og leita sèr þar atvinnu á löglegan hátt sem lyfsölumaður; og ber honum í öllum greinum að hegða sèr eptir þeim tilskipunum, sem allramildilegast hafa útgefnar verið um lyfsölumenn, hinni lögskipuðu lyfjaverðlagskrá, og þeim eiði, sem hann þegnlega unnið hefir, en aptur á móti höfum Vèr allramildilegast heimilað honum og leyft, að hann megi njóta þeirra einkaréttinda, sem um er rædt í greindum tilskipunum, og sem þær leyfa lyfsölumönnum að njóta, og eiga hlutaðeigandi embættismennu í öllum greinum að styrkja hann og vernda rétt hans í því efni. Að öðru leyti er það skylda hans, að vera búinn að koma lyfjabúðinni á fót áður en ár er liðið frá því að þetta leyfisbréf Vort er dagsett, og skal

1865.

8. maí.

leyfisbréfið að öðrum kosti vera ógilt. Þaradæki skal þetta Vort allramildilegasta einkaleyfi einungis hafa gildi fyrir hann sjálfan, svo að þegar hann annaðhvort í lifanda lífi hættir þessari atvinnu sinni eða fellur frá, þá ber að gefa öllum þeim, sem til þess hafa lögboðna hæfilegleika, aðgang til að hafa lyfjabúð á fyrgreindum stað, án þess að sá, sem eptir það öðlast einkaleyfið, verði skyldur til að kaupa af honum lyfjabúðina, úhöldin eður vörurnar. En hins vegar er hann skyldur til, þegar hann tekur upp atvinnu þá, sem honum hérmeð er allramildilegast veitt einkaleyfi til að hafa, að kaupa af Jóni Finsen, héraðslækni, úhöld þau, sem hann hefir útvegað sér, vegna þess, að honum hefir um stundarsakir verið fengin í hendur meðalasalán á Akureyri, og sömuleiðis lyfjavörur þær, sem hann á enn óseldar; enn fremur skal hann, undir eins og hann hefir tekið við þessu allramildilegasta leyfisbréfi Voru, senda dómsmálastjórn Vorri aptur leyfisbréf það, sem honum var veitt 30. aprílmán. f. á. til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi, svo leyfisbréf þetta verði ónýtt.

Loksins skal hann í öllum tilfellum, þá er vafi verður á um, hvernig skilja beri þetta allramildilegasta leyfisbréf Vort, vera skyldur að fara eptir úrskurði dómsmálastjórnar Vorrar.

Bönnum Vör öllum og sérhverjum að tálma því, sem að ofan er greint.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag maímán. 1865.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans konunglegu hátignar

Bræstrup.